

Mál nr. 132/2007
M og
Vátryggingafélagið V

Ágreiningur um hverjum skuli greiða bætur vegna járnrindarhúss þ. 4.5.2006.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 13.7.2007 ásamt greinargerð og fylgiskjöllum 1-10
2. Bréf V dags. 25.7.2007.

Málsatvik.

M gera kröfu til að fá greiddar tryggingabætur úr hendi V vegna tjóns á járnrindarhúsi á Vallarsvæði við Krísuvíkurveg. Málavexti segir lögmaður M vera þá að M hafi átt járnrindarhús það sem um ræðir og haft þar aðstöðu. Rakið er í greinargerð lögmannsins að húsið hefði átt að flytja í burtu en M hafi fengið leyfi til að hafa það þar sem það var þangað til annað væri ákveðið. Sprengingar í námunda við húsið vorið 2006 hafi eyðilagt gafl hússins og hafi það verið fjarlægt í framhaldi af því. Þá er rakið að nafngreindir aðilar hafi gefið sig fram sem eigendur umrædds húss og fengið tjónabætur greiddar en með því hafi V greitt röngum aðilum tjónabætur því að eignarréttur M sé ótvíræður. Lögmaður M leggur að öðru leyti fram gögn máli sínu til stuðnings þ.á.m. kaupsamning/afsal fyrir ofangreint stálgrindarhús og meðferð þess. V hafnar því að M eigi rétt til tjónabóta en viðurkennir bótaskyldu. V telur aðra aðila þá B og Á vera réttmæta eigendur hússins og hafi uppgjör farið fram við þá. V vísar til lögregluskýrslu þar sem fram komi að þeir hafi fengið húsið að gjöf frá M og byggir V á þessari yfirlýsingu hvað varðar hverjir fengu greiddar tjónabætur.

Álit.

Í máli þessu er ágreiningur um hvort þeir Bjarnfreð og Ásgeir hafi átt umrætt stálgrindarhús og borið að fá tjónabætur greiddar eða V hafi borið að greiða M bæturnar. Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki séð að þeir Bjarnfreð og Ásgeir hafi sýnt fram á eignarráð sín yfir umræddu stálgrindarhúsi með ótvíræðum hætti. Af hálfu M hafa verið lögð fram gögn sem ekki hafa verið hrakin sem eru þess efnis að M séu réttir eigendur umrædds stálgrindarhúss. Að virtum öllum gögnum málsins verður ekki annað séð en V beri að greiða M bætur vegna þess stálgrindarhúss sem hér ræðir um.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr hendi V vegna tjóns á járnrindarhúsi því sem hér um ræðir.

Reykjavík 7.8. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.